



**Bandalag íslenskra listamanna**  
*Federation of Icelandic artists*

Reykjavík 31. Mars 2020

A Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**EFNI: Vegna frumvarps til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (mannvirki), 456. mál.**

Bandalag íslenskra listamanna vill koma á framfæri athugasemdum vegna frumvarps um breytingu á höfundaréttarlögum sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Hugmyndir flutningsmanna lýsa verulegu skilningsleysi á höfundarréttarlögum sem og byggingarlist. Fyrsta er rétt að taka fram að í núgildandi höfundarréttarlögum eru fyrir verulegar heimildir í til breytinga á mannvirkjum. Eiganda er heimilt að breyta mannvirki án samþykkis höfundar, að því leyti sem það verður talið nauðsinnlegt vegna afnota þess, eða af tæknilegum ástæðum. Það er ágætlega skýrt hvaða skilyrði og takmörk eru á þeim heimildum í núverandi lögum og greinagerð sem þeim lögum fylgja.

Flutningsmenn nefna einnig í tillögu sinni að með þessari lagabreytingu verði hægt að fara í breytingar án þess að leyta samþykkis annarra. Þetta er ómögulegt, allar framkvæmdir við húsnæði af þessum skala eru eftirlitsskyldar og háðar byggingarreglugerðum og þurfa samþykki byggingarfulltrúa, til þess þarf teikningar frá þar tilbærum aðila, arkitekt eða verkfræðingi.

Þetta hugsunarlausu kropp á málsgrein innan úr höfundaréttarlögum lýsir takmörkuðum skilningi á höfundarrétti hugverka. Um er að ræða sæmdarrétt á höfundarverki sem verður ekki geymt í skjalasafni sem einhverskonar minning eða hugmynd að einhverju sem var. Byggingarlist er fullfrágengið mannvirki sem stendur í því samhengi sem það var byggt í. Okkar manngerða umhverfi er einhver skýrasti vitnisburður okkar um hugmyndaheim samfélaga á hverjum tíma. Skipulag og

byggingar varpa ljósi á hugmyndir og gildi genginna kynslóða, byggingarlist bæði mótar og varpar ljósi á hugmyndir allar þátta samtímans allt frá fagurfræði til félagslegra þarfa.

Það er full ástæða til að fara varlega í kæruleysislegum tilslökunum á sæmdarrétti höfunda. Við eigum fjölda fagfólks sem hefur menntun og reynslu til að leiðbeina fólki í jafn flóknum málum og byggingarlist er og til þess eru lögín fallin að leiðbeina fólki, til að leita sér upplýsinga svo ekki verði framkæmd óafturkræf spjöll á menningu okkar.

Erling Jóhannesson  
Forseti Bandalags íslenskra listamanna

